



Eineltisáætlun

Grunnskólans í Sandgerði



Skjöldur

jákvæð samskipti - gegn einelti

Uppeldi til ábyrgðar

Einelti og annað ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið í Grunnskólanum í Sandgerði. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og stöðva og leysa slík mál á farsælan hátt. Grunnskólinn í Sandgerði á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og vináttu.

Efnisyfirlit

1	Stefna skólans í eineltismálum.....	3
2	Hlutverk	3
2.1	Eineltisteymi og umsjónarmaður	3
2.2	Skólinn og starfsmenn hans	4
2.3	Nemendur	4
2.4	Heimili	5
3	Skilgreiningar og verkefni	6
3.1	Einelti	6
3.2	Andfélagsleg hegðun.....	6
3.3	Sá sem verður fyrir einelti.....	7
3.4	Sá sem leggur í einelti	7
3.5	Bekkjarreglur	7
3.6	Bekkjarfundir og önnur forvarnarvinna í bekk	7
3.7	Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur	8
3.8	Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl	8
3.9	Fundarreglur	8
3.10	Eineltishringur	9
3.11	Skólapúlsinn	9
4	Grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli	10
4.1	Skráningar og varðveisla gagna.....	11

1 Stefna skólans í eineltismálum

Grunnskólinn í Sandgerði miðar að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Eineltisáætlun skólans miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og taka á þesskonar málum er þau koma upp. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í vinnunni og leggur sitt af mörkum í að byggja upp félagslega sterkt samfélag þar sem eðlileg jákvæð samskipti fara fram.

Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt einnig að leggja sitt af mörkum og því leitast Grunnskólinn í Sandgerði eftir því að eiga gott samstarf við sitt nánasta umhverfi og þá sem samfélagið móta.

Einelti er vandamál sem krefst samvinnu allra þessara aðila ef árangur á að nást. Áætlun Grunnskólans í Sandgerði er unnin útfrá agastefnu skólans, *Uppeldi til ábyrgðar*.

Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) miðar að því að ýta undir ábyrðarkennd og sjálfstjórn barna og unglunga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

2 Hlutverk

2.1 Eineltisteymi og umsjónarmaður

Í eineltisteyminu sitja umsjónarmaður, skólastjóri, deildastjóri og starfsmaður skólans.

Umsjónarmaður teymis er faglegur leiðbeinandi, sér um fræðslu fyrir nemendur, kennara og aðra starfsmenn. Umsjónarmaður teymis er með sýn yfir stöðu bekkja skólans og passar uppá að tengslakannanir séu lagðar fyrir alla bekki, að bekkjarfundir séu haldnir vikulega af umsjónarkennurum og að nemendaviðtöl séu tekin einu sinni á hverri önn. Umsjónarmaður teymis er Fríða Stefánsdóttir.

Deildastjóri sér um að útvega tilkynningarblöð og upplýsingar ef eineltismál kemur upp í bekk. Deildastjóri aðstoðar umsjónarmann þegar vinna þarf sérstaklega með einstaklinga og bekki.

Hlutverk eineltisteymis er að fara yfir tilkynningarblöð um einelti og sér um eftirfylgni að umsjónarkennari fari eftir verkáætlun ef grunur um einelti kemur upp. Hlutverk teymis er einnig að upplýsa annað starfsfólk, skiptast á skoðunum um einelti og hvernig hægt að stuðla að jákvæðu skólaumhverfi. Eineltisteymi sér um að skipuleggja dag gegn einelti og aðra viðburði tengda vitundarvakningu um alvarleika eineltis. Eineltisteymi hittist reglulega og fer yfir þau mál sem eru í gangi og framvindu þeirra.

2.2 Skólinn og starfsmenn hans

Í Grunnskólanum í Sandgerði er unnið með Uppbyggingu sjálfsaga. Í skólanum berum við virðingu fyrir sjálfum okkur, öðru fólki og öllu í kring. Við vinnum alltaf að því að gera okkar besta. Sjálfstjórnarkenningin kennir okkur að aðeins er hægt að stjórna sjálfum sér. Allt starfsfólk Grunnskólans í Sandgerði á að þekkja Skjöld, eineltisáætlun skólans og taka þátt í þeirri vinnu sem henni tengist. Árlega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir áherslupætti sem máli skipta, verkefnum er úthlutað, upprifjun starfsmanna og nýjum starfsmönnum kynnt áætlunin og stefnu skólans.

Starfsfólk Grunnskólans í Sandgerði á að geta beitt íhlutun ef það verður vitni af einelti eða andfélagslegri hegðun og láta sig málið varða.

Starfsfólk á að geta metið stöðuna hverju sinni og geta tekið á málum eftir „eðli“ þeirra og er ætlað að leita til réttra aðila ef þörf þykir (umsjónarmann eineltisteymis, umsjónarkennara, foreldra, skólastjórnendur o.s.frv.). Meginmarkmiðið er vitundarvakning allra starfsmanna fyrir því hvað einelti er, hvernig það birtist og samræming á viðbrögðum við því.

2.3 Nemendur

Grunnskólinn í Sandgerði er Uppbyggingarskóli. Við vinnum með þarfir nemenda og kennum þeim að vera besta útgáfan af sjálfum sér. Við vinnum með lífsgildi og í hverjum

bekk er gerður bekkjarsáttmáli. Með því að vinna með lífsgildin og semja bekkjarsáttmálann er kennarinn að hækka vitundarstig nemenda sinna, kenna þeim að stjórna skynjun sinni, einkum í sambandi við ágreining. Þeir læra að skipta um sjónarhorn, sjá vandamál í nýju ljósi þannig að sjálfsþekking og félagsfærni þeirra eykst. Þeir verða færari í því að vinna úr togstreitum, hjálpast að við að finna lausnir og leita sér hjálpar hjá okkur, hinum fullorðnu, ef í harðbakkann slær.

Þrátt fyrir að hér sé öll áhersla lögð á að kenna börnunum sjálfsaga - að bera ábyrgð á sinni eigin hegðun - verður kennarinn að hafa úrræði, þegar út af bregður og nemendur sýna óþekkt eða óábyrga hegðun af einhverju tagi, sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá flytur hann sig niður á reglustjórn, en heldur ávallt opinni leið til uppbyggingar

Allir nemendur Grunnskólans í Sandgerði fá reglulega fræðslu um einelti. Farið er yfir bekkjarreglur gegn einelti og eiga nemendur að ræða reglurnar og þýðingu þeirra fyrir bekkinn. Umsjónakennarar hafa vikulega bekkjarfundi þar sem m.a. er rætt um líðan, samskipti og hegðun. Fundirnir eiga að stuðla að samstöðu nemenda gegn einelti. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá eigin tilfinningar og sjónarmið. Hlutverkaleikir og klípusögur eru notaðir til að auka upplifun nemenda og skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Umsjónakennarar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvisvar á skólaári og oftast ef þörf er á. Einstaklingsviðtöl eru tekin einu sinni á önn, þar sem farið er yfir spurningarlista um bekkjarbrag og líðan. Mikil áhersla er á að nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýna hvor öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi. Allir nemendur í Grunnskólanum í Sandgerði eiga að:

- ✓ Þekkja skólareglur gegn einelti.
- ✓ Taka þátt í bekkjarfundum og virða fundarreglur.
- ✓ Leggjast á eitt að uppræta einelti.

2.4 Heimili

Starfsfólk Grunnskólans í Sandgerði óskar eftir samstarfi heimila við að sporna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Margt er það sem heimilin geta gert til að skapa gott andrúmsloft. Reglulega fá foreldrar ítarlega kynningu á áætluninni en ef við á eru haldnir sérstakir foreldrafundir þar sem ræddar eru aðgerðir í skólanum við að uppræta einelti. Starfsfólk Grunnskólans í Sandgerði óskar eftir því að foreldrar:

- ✓ Eigi góð og virk samskipti við foreldra bekkjarfélaga barna sinna.
- ✓ Ræði við börnin sín.
- ✓ Séu jákvæð til samstarfs óski skólinn þess.
- ✓ Geri tilraun til að taka á eineltismálum sem upp koma heima eða utan skólasterfsins.
- ✓ Skipti sér af málum er þeir verða vísir af og komi upplýsingum til rétttra aðila.

3 Skilgreiningar og verkefni

3.1 Einelti

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem stríðnin beinist að hefur sýnt að honum mislíki. Óbeint einelti getur verið jafn slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Rafrænt einelti er orðinn stór þáttur af birtingarmynd eineltis og þurfa starfsmenn skóla og foreldrar að fylgjast sérstaklega með tölvunotkun og samskipti barna sinna í gegnum veraldavefinn.

3.2 Andfélagsleg hegðun

Með eineltisáætluninni er lögð áhersla á að byggja upp jákvætt samfélag þar sem einstaklingar bera virðingu fyrir hver öðrum.

Andfélagsleg hegðun er sú hegðun sem bregður út frá félagslegum gildum og einstaklingar vanvirða rétt annarra. Einnig er átt við verknaði sem ekki samræmast viðurkenndri hegðun og þeim lögum sem gilda í samfélaginu.

3.3 Sá sem verður fyrir einelti

Einstaklingur sem lagður er í einelti þarf hjálp og stuðning við að stöðva eineltið og leiðsögn til að öðlast bættu sjálfsmynd.

3.4 Sá sem leggur í einelti

Stöðva þarf andfélagslega hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá með bættum sjálfsaga til bættrar hegðunar. Hér getur íhlutun verið misjöfn og fer eftir eðli mála hverju sinni.

3.5 Bekkjarreglur

Allir nemendur Grunnskólans í Sandgerði eiga að þekkja og tileinka sér bekkjarreglur. Bekkjareglurnar eru:

1. Við komum fram við hvert annað af kurteisi og virðingu.
2. Við látum líðan annarra í bekknum skipta okkur máli.
3. Allir tilheyra hópnum og við fögnum fjölbreytileikanum í hverjum hópi.
4. Við segjum fullorðnum frá ef við teljum að einhverjum líði illa, er útundan eða einhver er að leggja í einelti.

3.6 Bekkjarfundir og önnur forvarnarvinna í bekk

Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni viku. Á bekkjarfundum eru m.a. ræddar aðferðir til að sporna við og fyrirbyggja einelti, andfélagslega hegðun og aðrar aðgerðir til að bæta samskipti. Öðrum starfsmönnum skólans er boðið að heimsækja bekkjarfundi, til að kynnast nemendum og koma með ný sjónarmið. Bekkjarfundarformið er hægt að nota til að bæta almennan bekkjaranda og á þeim er hægt að leggja fram hin ýmsu mál til umræðu. Við notumst við fundarreglur (sjá kafla 3.7) er við sitjum bekkjarfundi.

3.7 Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur

Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur eru notuð til að auka upplifun nemenda, skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Í hlutverkaleik bregða nemendur sér í hlutverk í fyrirfram ákveðnum ímynduðum aðstæðum. Þessi aðferð gefur nemendum möguleika á að upplifa ólíkar aðstæður og setja sig í spor annarra.

Í eineltismyndböndum eru sýndar margar birtingarmyndir eineltis, nemendur ræða saman, finna lausnir og gera verkefni útfrá myndböndum.

Klípusögur eru notaðar til að kveikja umræðu og fá nemendur til að vinna sjálfstætt eða í hóp við að reyna að finna lausnir á hinum ýmsu vandamálum.

3.8 Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl

Umsjónarkennarar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvisvar á skólaári og oftár ef við á. Ef kennara grunar að einelti eigi sér stað í sínum nemendahóp getur hann alltaf lagt fyrir tengslakönnun í bekknum sem gæti gefið vísbendingar um stöðu hópsins. Umsjónarmaður eineltisteymis fer yfir kannanir eða útkomur til að meta félagslega líðan og stöðu innan bekkjarins.

Einstaklingsviðtöl fara fram tvisvar á skólaári. Kennari gerir nemenda grein fyrir að allt sem fer fram í viðtalinu er sagt í trúnaði. Kennari notast við spurningalista sem gefur heildarsýn á stöðu barnsins í skólanum, námslega og félagslega.

3.9 Fundarreglur

Ætlast er til þess að fundarreglur séu virtar þegar bekkjarfundir og aðrir fundir eiga sér stað. Með því að virða reglurnar erum við um leið að bera virðingu hvert fyrir öðru. Á þetta við um starfsfólk og nemendur.

1. Réttu upp hönd ef þú vilt fá orðið.
2. Allir hafa leyfi til að tjá sig.
3. Við nefnum ekki nöfn.
4. Við leyfum öðrum að ljúka máli sínu án þess að grípa fram í (með nokkrum eðlilegum undantekningum).
5. Við getum verið ósammála án þess að blóta eða vera orðljót.

3.10 Eineltishringur

Eineltishringurinn er útskýringarmynd með orðskýringum. Eineltishringinn eiga allir nemendur að þekkja og geta staðsett sjálfan sig innan hans.

Eineltishringurinn á að vera til staðar og sýnilegur í öllum kennslustofum Grunnskólans í Sandgerði, göngum, félagsmiðstöð, tónlistarskóla, bókasafni og íþróttahúsi.

3.11 Skólapúlsinn

Grunnskólinn í Sandgerði leggur fyrir könnun Skólapúlsins þrisvar sinnum á skólaárinu, október, febrúar og apríl. Fyrirlögnin er unnin af deildastjóra sérkennslu sem fær úrtakslista frá Skólapúlsinum hverju sinni. Könnunin er unnin í tölvustofu í litlum hópum. Oddviti eineltisteymis skoðar niðurstöðurnar eftir hverja fyrirlögn og fer yfir það með eineltisráði sem betur má fara í hverjum nemendahópi eða rými fyrir sig. Upplýsingarnar eru nýttar til að vinna að úrbótaáætlun skólans ár hvert.

Einelti er þegar einstaklingur verður ítrekað fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og erfitt með að verja sig (Olweus, 1995). Sá kvarði sem notaður er í Skólapúlsinum til að mæla einelti er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Þolendur eineltis glíma oft við langtíma tilfinningaleg og hegðunarleg vandamál. Einelti getur orsakað einmanakennd, þunglyndi, kvíða og leitt til lélegrar sjálfsmyndar (Williams, Forgas, & von Hippel, 2005). Einelti er mælt í Skólapúlsinum með því spyrja nemendur um hve oft eftirfarandi atvik gerðust á undanförunum 30 dögum:

Mér fannst að einhver vera að baktala mig.

Ég var beitt(ur) ofbeldi.

Ég var skilin(n) útundan.

Einhver sagði eitthvað særandi við mig.

Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.

Mér leið mjög illa af því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.

4 Grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.

Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um eineltismál tilkynni það strax til skólans svo að hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva eineltið.

Ef vitneskja um einelti berst til skólans, mun starfsfólk skólans vinna samkvæmt eftirfarandi ferillýsingu:

1. Grunur um einelti tilkynnist til umsjónarkennara sem síðan leitar til eineltisteymis, en í því sitja umsjónarmaður, skólastjóri, deildastjóri og starfsmaður.
2. Sá starfsmaður sem fær upplýsingar um grun um einelti skráir málið á númerað skráningarblað sem er skilað til deildastjóra sem situr í teyminu, þar sem það er varðveitt í möppu. Samsvarandi númer er skráð á gátlista sem umsjónarkennari heldur eftir og vinnur eftir.
3. Umsjónarkennari upplýsir aðra kennara/starfsfólk sem koma að viðkomandi nemendum og tryggir að vel sé fylgst með.
4. Umsjónarkennari er í sambandi við foreldra á meðan unnið er með tilkynningarblað um samskiptavanda. Hann skráir alla framvindu málsins í til þess gert skjal, vinnuferli. Einnig skráir hann framvindu málsins í dagbók í Mentor og greinir málið samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Verkáætlunin er leiðandi og auðvelt að fara eftir. Mikilvægt er að umsjónarkennari fari í alla þættina sem koma fram á verkáætlun, viðtöl, tengslakönnun, fundir og samráð með foreldrum.
5. Umsjónarkennari ákveður framvindu málsins og getur ráðfært sig við og leitað aðstoðar umsjónarmanns eineltisteymis.
6. Meti eineltisteymi að um einelti sé að ræða vinnur það áfram út frá gátlistanum. Teymið hefur samband við foreldra þolenda og gerenda í þeim bekk sem eineltið á sér stað. Öllum foreldrum bekkjarins er gert grein fyrir eineltinu og hverjar aðgerðir skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda og hvaða afleiðingar það hefur ef einelti heldur áfram. Foreldrum er gerð grein fyrir því

hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt og mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgni málsins. Foreldrum stendur alltaf til boða að ræða við umsjónarmann eða aðra í eineltisteyminu.

7. Umsjónarkennari vinnur markvisst að því að uppræta eineltismál sem koma upp í hans bekk út frá þeim reglum sem bekkurinn hefur sett sér um einelti og stríðni. Þar er þolandinn alltaf settur í fyrsta sætið og öryggi hans tryggt eins og kostur er. Tekin eru einstaklingsviðtöl við þolanda og meinta gerendur hvern fyrir sig. Notast er við ákveðna viðtalstækni en það mikilvægasta í viðtali við gerendur er að sýna þeim fram á að staða málsins sé þekkt, þeim er gert ljóst á ákveðinn hátt að það eigi að hætta eineltinu, þeim er sagt frá því að fylgst verði með þróun málsins og að ef einelti hættir ekki strax muni það hafa í för neikvæðar afleiðingar.
8. Eftirfylgni er mjög mikilvæg og er það hlutverk umsjónarkennara (eineltisteymis) að hitta þolanda og geranda reglulega og hafa reglulegt samband við foreldra.
9. Ef einelti heldur áfram þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er gripið til úrlausna eins og lýst er við brotum á skólareglum.
10. Ef ekki tekst að leysa málið er því vísað til nemendaverndarráðs ásamt skráningu á málsatvikum.

4.1 Skráningar og varðveisla gagna

Öll mál sem upp koma er varða ákveðna einstaklinga eru skráð á tilkynningarblað og verkskjal. Það skal einnig skrá í dagbók á Mentor undir nafni þess einstaklings sem málið varðar. Gæta skal fyllsta trúnaðar við skráningu.

Ef um er að ræða sérstaka meðhöndlun mála er berast aðgerðarteymi fylgir skýrsla nemanda og geymist hún í skjalaskáp líkt og gert er með önnur sérúrræði og greiningar.

Síðast uppfært og samþykkt 22. nóvember 2013